







# Handbók um Umferðarmerki

## Bráðabirgðamerki

### Útgefandi Vegagerðin og Reykjavíkurborg

Mars 2013

Ýmis dæmi um bráðabirgðamerki (appelsínugul) og upplýsingatöflur (F21.11 – bláar)

 <p>Vegagerðin og Reykjavíkurborg byggja mislæg gatnamót</p> <p>verktaki: Malartækni ehf.</p> <p>verklök: gatnamót sept. 1995 frágangur júlí 1996</p> <p>Hjálms</p>	 <p>Umferðartakmörkun á Ölfusárbrú</p> <p>2,0 m</p> <p>3,0 m</p> <p>KL. 19-7</p> <p>38 Vik</p> <p>1 Selfoss</p> <p>38</p>
 <p>Öxi</p> <p>Mesta hæð: 532 m</p> <p>Lengd: 19 km</p> <p>Ófært - Impassable</p> <p>Hellisheiði</p> <p>917</p> <p>Ófært - Impassable</p>	 <p>Hólsandur</p> <p>864 11 km</p>
 <p>! Rally !</p> <p>Vegurinn verður lokaður (Road closed)</p> <p>Laugardag (Saturday)</p> <p>Frá kl. 13:00 - 14:20 (from)</p>	 <p>Varúð - varplað Fuglar á vegi</p>

Framkvæmdasvæði

Umferðartakmörkun

Merkingar við heiði

Til viðvörunar á vetrum

Rallysvæði

Varpland fugla

## Almennar reglur um bráðabirgðamerki (H)

### Reglugerð um umferðamerki:

Bráðabirgðamerkjum er ætlað að vara ökumenn við tímabundnum breytingum á vegakerfi.

Bráðabirgðamerki skal vera réttmyndur ferhyrningur þannig að tvær hliðar séu láréttar. Tákn skulu vera í viðeigandi litum á appelsínugulum grunni. Texti skal vera svartur.

Stærð bráðabirgðamerkja skal háð samþykki vegamálastjóra að því er varðar þjóðvegi utan kaupstaða og kauptúna en ella lögreglustjóra.

### Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Gert er ráð fyrir að öll merki í H flokki verði með álramma.

Bráðabirgðamerki skal m.a. setja upp við eftirfarandi aðstæður:

- Á framkvæmdasvæðum, sjá nánar [Merkingar vinnusvæða](#)
- Við umferðartakmarkanir
- Til viðvörunar á vetrum
- Við keppnishald í rallakstri

## Framkvæmdasvæði



### Upplýsingatafla

Heimilt er að setja upp upplýsingatöflur um framkvæmdasvæði, þ.e. hver framkvæmir, verktaka, magn, upphaf verks, verklök og tilvísanir í nánari upplýsingar. Einnig er verktaka heimilt að setja upplýsingatöflu með heiti verktaka ásamt merki fyrirtækisins sbr. mynd til vinstri. Töflurnar skulu staðsettar a.m.k. 1 m utan vegarbrúnar.


### Hjáleið

Hjáleiðir ber að merkja með **HJÁLEIÐ** ásamt undirmerkjum til þess að gefa til kynna hentugustu leið framhjá vinnusvæði.




Bráðabirgðatöflur (H) sem sýna hentuga leið framhjá tálmunum geta einnig hentað eftir aðstæðum.


## H. Bráðabirgðamerki - Dæmi um merkingar við umferðartakmörkun




Á upplýsingatöflunum skal koma fram hver takmörkunin er, hvar hún eigi við, tími takmarkana og vegvísun þegar þörf er á.

Á skiltinu hér til vinstri er öll umferð á **Ölfusárbrú** bönnuð milli 19-7 en það er sýnt með B01.11 

Á öðrum tímum gildir eftirfarandi á brúnni.

B13.20  sýnir mestu leyfilega breidd ökutækja.

B15.30  sýnir mestu leyfilega hæð ökutækja.

Á merkinu er einnig gefið til kynna að hægt sé að komast til Selfoss / Víkur gegnum veg 38 og síðan 1.

## H. Bráðabirgðamerki - Dæmi um merkingar við heiði

Heiðar má merkja með upplýsingatöflu (mynd til vinstri).

Nafn heiðarinnar, mesta hæð og lengd má koma fram á skiltinu.

Nota skal viðeigandi viðvörunar- og bannmerki

Hægt er að nota útskiptanlegt bráðabirgðamerki á upplýsingatöflu eða stærri bráðabirgðamerki (mynd til hægri) til að vara við ástandi heiðar.

Þegar loka þarf heiðum skal það koma skýrt fram jafnt á íslensku sem og ensku. Nota má Ófært - Impassable eða Lokað - Closed.



Stærð ofangreinds skiltis er 175 x 150 sm.




Stærð ofangreinds skiltis er 100 x 75 sm

Leturstærð Hellisheiði er 101 mm

Leturstærð Ófært er 60 mm

## Dæmi um bráðabirgðamerki til viðvörðunar á vetrum



Á vetrum eru oft sett upp bráðabirgðamerki sem gefa til kynna ástand vega t.a.m. þegar

- vegur er seinfarin / torleiði
- vegur er ófær
- þungatakmarkanir eru á vegi

Merkin skal setja sem fyrst á veginum sjálfum.

## Reglur um merkingar rallysvæða

1. Keppnishaldarar setja upp merki við alla þá vegi sem eru lokaðir hverju sinni með sólarhrings fyrirvara.
2. Allar merkingar skal taka niður strax að lokinni keppni.
3. Stærð skilta skal vera (1,40x1,50 m.) og uppfylla almenn ákvæði reglugerðar um umferðarmerki.
4. Skiltin skulu hafa eftirfarandi útlit.


Sjá nánar [reglur um rally á þjóðvegum landsins](#)



## H. Bráðabirgðarmerki - Dæmi um merkingar við varpland fugla



Merki þetta er notað til að vara við varplandi fugla þar sem búast má við fuglum á vegi.

Nota má þjónustumerkið [E02.66 fuglaskoðun](#)  til að vísa á stað sem er hentugur til að skoða fugla.

Stærð skiltisins er 100 x 150 sm.